



Selfossi 25. september 2020

Fundargerð stjórnar

10. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn föstudaginn 25. september 2020, kl. 8.15 í fjarfundi.

Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Ingibjörg Harðardóttir, Sverrir Haukur Grönlí, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.

1. Útboð á stigabíl

Pétur sagði frá niðurstöðu í stigabílaútboðinu. Fimm tilboð bárust og fundaði sameiginleg dómnefnd frá Brunavörum Árnessýslu og Slökkviliði Akureyrar um tilboðin. Farið var yfir tæknilegar upplýsingar samkvæmt kröfulýsingu og tilboð metin til einkunnar umfram lágmarkskröfur, fjórir bílar stóðust lágmarkskröfur. Það tilboð sem hlaut hæstu einkunn dómnefndar var einnig lægsta verðtilboðið.

Áætlun miðaðist við 722.000 evrur sem á þáverandi gengi var um 100 milljónir íkr.

Tilboðið var lægra í evrum en vegna gengismunar var það hærra í íslenskum krónum.

Tilboðið er með virðisaukaskatti, hann fæst endurgreiddur en þarf að fjármagna.

Stjórn samþykkir að taka tilboði 1 með þeim fyrirvara um niðurstöðu Akureyrarbæjar.

Lántökuheimild er kr 100.000.000.- fyrir árið 2020. Umræður um hvaða leið á að fara í fjármögnun. Þau mál verða skoðuð og ákvörðun tekin á næsta fundi.

2. Önnur mál

- a. Pétur fór yfir stöðu á gerð fjárhagsáætlunar.
- b. Næsti fundur verður næstkomandi þriðjudag kl 8:15

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 8.38